	Hafnarfjarðarbær
Innk:	16/1 2017
Málsnr:	1701231
Bréfal:	224



Hafnarfjörður
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mnr.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 11. janúar 2017
Tilv.: MMR16120136/2.2.5.2-

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.


Skipunartíma núverandi skólanefndar við Flensborgarskólann lauk 20. desember sl. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Hafnarfjörður tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Flensborgarskólans.

Þess er óskað að tilnefningarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. febrúar næstkomandi. Vinsamlegast látið fylgja heimilisfang og kennitölu tilnefndra aðila.

Með skírskotun til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir karlar og tvær konur. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess. Er þetta gert með skírskotun til ákvæðis 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Fyrir hönd ráðherra


Hellen Gunnarsdóttir


Björg Petersdóttir